

**KJARVAL**

**41% afsláttar** Bautabúrs grísagúllas **998 kr./kg**

**Hagkvæmt í heimaþýggð**

**Big Bistro pizza 2 teg. 449 kr./pk.**

**Goða grillborgarar með brauði, 4 stk. 599 kr./pk.**

**ÍM ysubitur 998 kr./kg**

**Þorramatur í fötu 2398 kr./pk.**

**Bravo multivitamin 69 kr./stk.**

**Kexsmíðjan muffins 2 teg. 399 kr./pk.**

**Haust hafrakex 279 kr./pk.**

**Allra salernissteinar 2 teg. 349 kr./stk.**

**Roka núðlur 39 kr./pk.**

**Jónagold epli 199 kr./kg**

**Íslenskt hvítkál 199 kr./kg**

**KJARVAL** Klaustur: Sími: 487 4616 Vik: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585

EXPO - www.expo.is


Öll vörð eru birt með lýrnatu um þrættillu og þetta myndabangi

**SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS**

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**



**SMÁAUGLÝSINGAR**

Eins og kunnugt er, var á sl. hausti minnst 100 ára afmælis Múlakotsskóla, þessa merka húss og þeirrar starfsemi sem þar fór fram.

Við munum í næsta Fréttabúa rekja söguna og minnst þeirra fram-sýnu manna sem ruddu brautina. E. *Mynd: Sunnlenskar byggðir.*



Pizzakvöld verður á Systrakaffi föstudagskvöldið 15. janúar.  
Opnum kl.18

Hlökkum til að sjá ykkur

**2. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 13. janúar 2009**

## Útskurðarnámskeið

Jón Adólf ætlar að halda hér námskeið  
13. til 14. febrúar ef næg þáttaka fæst.



Upplýsingar og skráning hjá Áslaugu Vilhjálms  
í síma 487-1163 og 865-7047



Mjólkurbíll útaf í Mýrdalnum

Mikil háлка var í Mýrdalnum sl. föstudag 8. jan. Skömmu fyrir hádegi fóru tveir bílar útaf Þjóðvegi 1 við bæinn Skammadal í Mýrdal. Mjólkurbíll var ekið í austurátt og sá mjólkurbílstjórinn fólksbíl sem kom úr gagnstæðri átt koma þversum á veginum á móti sér, vegna hálkunnar.

Mjólkurbíllinn fór útaf sunnan vegar og festist í skurði en fólksbíllinn útaf norðan við veginn. Engin slys urðu á fólki og litlar skemmdir á ökutækjum. Veghefill frá Vegagerðinni í Vík var notaður til að ná mjólkurbílnum upp á veg aftur.

Mynd og texti: Jónas Erlendsson



**Sr. Haraldur M. Kristjánsson** hefur verið prófastur Skaftfellinga síðustu 11 ár, en á kirkjuþingi 2009 var ákveðið að sameina öll prófastsdæmin á Suðurlandi í eitt, þannig að frá og með sl. áramótum hættir hann sem prófastur en heldur áfram að vera sóknarprestur Mýrdælinga.

*Skaftafellsprófastsdæmi hefur nú verið lagt niður ásamt Rangárvallaprófastsdæmi og Árnesprófastsdæmi. Stofnað hefur verið Suðurprófastsdæmi sem í eru yfir 50 sóknir og um 20 sóknarprestar og prestar. Svæðið nær frá Selvogi í vestri að Hvalnesskriðum í austri.*



## Húsaleigubætur 2010

Skaftárhreppur minnir á að skv. 4. gr. reglugerð um húsaleigubætur nr. 118/2003 skal sækja um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsóknir skulu hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar.

Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Skaftárhrepps og á vef Félagsmálaráðuneytisins.

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husaleigubaetur/>

Skrifstofa Skaftárhrepps.

### A DÓFINNI

**23.01.2010** Þorrablót Víkurbúa

**Félagsvist** fimmtudagskvöldið 14 jan, á Halldórskafti hjá Kvenf. Hvammshr.  
**Prjónakaffið** byrjar aftur á Halldórskafti fyrsta fimmtudagskvöldið 21. jan. Kvenfélag Hvammshrepps

**Pizzakvöld** á Systrakaffi föstudagskvöldið 15. janúar

**Útskurðarnámskeið** 13. til 14. febrúar í Vík

**Folalda og trippasýning** laugardaginn 23. janúar hjá hestamannafélaginu Kóp.

**Nemendur** í 9. og 10. bekk Kirkjubæjarskóla á Síðu safna flöskum og dósnum á næstu tveimur vikum.

**Fyrsta samvera** kirkjuskólans í Mýrdal á árinu 2010 í Víkurskóla laugardaginn 16. janúar nk. kl. 11:15 - 12:00.

### MÁLSHATTUR VIKUNNAR

**Allar** gjafir þiggja laun.

**Allir** bræður mega eitt kál súpa.

**Allir** eldar brenna út um síðir.

**Allir** eru jafnstærkir á svellinu.

**Allir** eru ógiftir í verinu.

**Allir** eru vinir meðan vel gengur.

**Aumur** er iðjulaus maður.

### Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.*

**Engin sendingarkostnaður innan Íslands**  
*Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með*

# U.M.F. Ármann

leitar að aðila/aðilum til að taka að sér  
að skrásetja 100 ára sögu ungmennafélagsins.

Af sama tilefni óskar félagið eftir myndum af starfinu  
í gegnum tíðina og ef einhver lumar á pistlum eða greinum frá starfinu  
væru þeir einnig vel þegnir.

Áhugasamir hafi samband við Sigga Gunn í síma 868-3287  
eða á [supergormur@hotmail.com](mailto:supergormur@hotmail.com)

## Folalda og trippasýning

Laugardaginn 23. janúar stendur hestamannafélagið Kópur fyrir folalda -  
og trippasýningu að Syðri Fljótum. Keppt verður í 4 flokkum.

Í folaldaflokki eru 2 flokkar, hryssu og stóðhestaflokkur.  
Síðan verður trippaflokkur 2-3 vetra skipt í 2 flokka, hryssur og hestar.  
Skráningargjald er kr. 1000.

Dómnefnd velur eigulegasta gripinn en áhorfendur fá líka að segja sína skoðun.

Er ekki tilvalið að lyfta sér upp í byrjun Þorra og koma saman og hafa gaman.

Kaffisala  
Allir velkomnir

Skráning og nánari upplýsingar fara fram hjá:  
Jón Geir í síma 865 5427  
Kristínu Lár í síma 487 4725  
eða [hmf.kopur@gmail.com](mailto:hmf.kopur@gmail.com)

Stjórn Kóps

## Opið hús

Mánudaginn  
18. janúar

býður Nautilus þér að  
skoða heilsuræktina frá  
klukkan 17-20



**Nautilus opnar frábæra  
heilsurækt í Sundlauginni í Vík**  
*Opnunar tilboð árskort í líkamsrækt og sund*

**\*kr. 19.990,-**

*Tilboðið gildir aðeins 18 og 19 jan. 2010*





*Sigríður Kjartansdóttir veitir gjöfinni móttöku fyrir hönd Hjallatún úr hendi Jóhönnu Jónsdóttur formanns kvenfélagsins.*

Kvenfélag Dyrhólahrepps í Mýrdal afhenti Dvalarheimilinu Hjallatúni í Vík sjónvarpsflakkara að gjöf í desember sl. í tilefni af 20 ára afmæli heimilisins í sept. sl.



*Þóra Þorbergsdóttir t.v. og Sigríður Karlsdóttir heimilismenn á Hjallatúni.*



*Eyrún í Sólheimahjáleigu og Hanna á Brekkum.*




*Svo var sungið, t.v. Sigríður Kjartansdóttir, Jóhanna í Níkhól, Erna í Pétursey og Siggja Stína á Brekkum kvenfélagskonur*

Vísa hver sem vel er gerð  
víða nýtur hylli,  
leggur upp í langa ferð  
landshornanna á milli.

*Höf: Guðrún Benónýsdóttir*

Vonin styrkir veikan þrótt,  
vonin kvíða hrindir,  
vonin hverja vöku nótt  
vonarljósin kyndir.

*Höf: Páll Ólafsson*



## Íbúar Skaftárhrepps - kærur sveitungar!

Við, nemendur, í 9. og 10. bekk Kirkjubæjarskóla á Síðu stefnum á Danmerkurferð í vor.

Um þessar mundir erum við að safna fyrir ferðinni og hyggjumst heimsækja ykkur til að safna flöskum og dósum á næstu tveimur vikum. Jafnframt hyggjumst við selja salernis- og eldhúspappír seinna í vetur, og tökum niður pantanir í þessari ferð.

**Kær kveðja - nemendur 9. og 10. bekkjar Kirkjubæjarskóla**



## Vestur- Skaftfellingar

Lionsklúbburinn Fylkir á Kirkjubæjarklaustri verður með hálkuvörn til sölu á næstu dögum og vikum. Um er að ræða sérstakan sand sem hentar einkar vel til hálkuvarna.

Um er að ræða ca 10 kg poka og er verð á pokanum kr. 2000. Allur ágóði hálkuvagnarinnar rennur til líknarmála.

Með von um góðar undirtektir,

**Lionsklúbburinn Fylkir**

Þegar gott hann gera vildi  
gæðin aldrei fann.  
Það illa sem hann aldrei vildi  
alltaf gerði hann.

*Höf: Jóhann Magnússon*

Þegar reyndi á þrekið mest,  
þjóðar stæltist vilji,  
þá hefur stofninn sterki best  
staðist alla bylji.

*Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*

Þegar lánsins þorna mið  
og þrjóta vinatryggðir,  
á ég veröld utan við  
allar mannabyggðir.

*Höf: Theódóra Thoroddsen*

Þó að leiðin virðist vönd,  
vertu aldrei hryggur.  
Það er eins og hulin hönd  
Hjálpi er mest á liggur.

*Höf: Jón S. Bergmann*

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Fyrsta samvera kirkjuskólans í Mýrdal á árinu 2010  
verður í Víkurskóla laugardaginn 16. janúar nk. kl. 11:15 - 12:00.

Verið nú dugleg að mæta til að heyra nýjar biblíusögur og fá nýjar  
og fallegar myndir. Litastund í lokin eins og vanalega.

Hlakka til að hitta ykkur öll.

Sóknarprestur



## Víkurkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju í  
Mýrdal sunnudaginn 17. janúar nk. kl.  
14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Guðspjall dagsins er brúðkaupið í Kana.

*Fermingardrengir vorsins eru sérstaklega hvattir  
til að mæta með foreldrum sínum.*

Verum dugleg að sækja kirkju  
og efla okkur þannig andlega fyrir daglega lífið á nýju ári.

Hlakka til að hitta ykkur öll.

Sóknarprestur

### Fundargerð Skaftárhrepps

Fimmtudaginn 17. desember 2009.

310. fundur sveitarstjórnar, 12. fundur  
ársins 2009.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnar-  
menn.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra.  
Oddviti býður fundarmenn velkomna.

Oddviti óskar eftir að eftirtalin mál verði  
tekin á dagskrá: Sem liður I-6, erindi frá  
fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar  
15. desember 2009; Sem liður II-1, fundar-  
gerð fjallskilanevndar Landbrots- og  
Miðafréttar 25.06.2009; Sem liður II-2,  
fundargerð atvinnumálanefndar 15. desem-  
ber 2009; Sem liður II-3, fundargerð  
æskulýðs- og íþróttanefndar 16. desember  
2009; Sem liður III-3, fundargerð 770.  
fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitar-  
félaga 11. desember 2009.

Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi  
mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

#### ***I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.***

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2010 - Síðari  
umræða.

Fjárhagsáætlun 2010 fyrir samantekin  
reikningsskil A- og B-hluta gerir ráð fyrir  
að skatttekjur verði 167,519 mkr, framlög  
jöfnunarsjóðs 88,545 mkr og aðrar tekjur  
43,667 mkr. Laun og launatengd gjöld eru  
áætluð 122,454 mkr, önnur rekstrargjöld  
141,312 mkr og afskriftir 17,875 mkr.  
Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð  
jákvæð 18,090 mkr, rekstrarniðurstaða í  
heild neikvæð um 7,826 mkr.

Eignir eru samtals áætlaðar 545,348 mkr,  
skuldir og skuldbindingar 316,898 mkr og  
eigið fé því 228,449 mkr. Veltufé frá rekstri  
er áætlað 24,981 mkr. Sveitarstjórn  
samþykkir fyrirbyggjandi áætlun. Óvissa

ríkir um tekjuhlið áætlunarinnar og  
niðurstaða hennar er neikvæð um tæpar 8  
mkr. Gera verður ráð fyrir áframhaldandi  
hagræðingu og ýtrasta aðhaldi.

2. Framlenging lánsamnings við  
Kaupþing frá 2004.

Í 4. gr samnings Skaftárhrepps við  
Kaupþing Búnaðarbanka frá 28.12.2004  
um 65 mkr lán til 5 ára er ákvæði um rétt til  
5 ára framlengingar að þeim tíma liðnum.  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir þeirri  
framlengingu sem samningurinn gerir ráð  
fyrir.

3. Ársreikningur Klausturhóla 2009.

Ársreikningur Hjúkrunar- og dvalar-  
heimilisins Klausturhóla 2008 liggur fyrir  
til undirskriftar. Sveitarstjórn hefur áður  
fjallað efnislega um reikninginn.  
Ársreikningurinn staðfestur með undirritun  
sveitarstjórnar.

4. Klausturhólar - Yfirdráttarheimild.  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir  
hækkun yfirdráttarheimildar hjá Arion-  
banka í 15 mkr í 6 mánuði fyrir Hjúkrunar-  
og dvalarheimilið Klausturhóla.

5. Heilbrigðisþjónusta í Skaftárhreppi -  
Samstarf við Heilbrigðisstofnun  
Suðurlands.

Í framhaldi af samtölum fulltrúa  
framkvæmdastjórnar HSu og forsvarsman-  
na sveitarfélaga í Skaftafellssýslu hefur  
forstjóri HSu staðfest með bréfi 12. desem-  
ber 2009 vilja stofnunarinnar til áframhald-  
andi viðræðna um aukið samstarf við  
Skaftárhrepp, m.a. í þeim tilgangi að kanna  
möguleika á nánara samstarfi heilsugæslu-  
stöðvar og hjúkrunar- og dvalarheimilis og  
möguleika á auknu samstarfi við  
nágrannasveitarfélögin til að styrkja heil-  
brigðisþjónustu á svæðinu. Sveitarstjórn  
samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra  
að ganga til viðræðna við HSu um

möguleika á auknu samstarfi um heilbrigðisþjónustu.

6. Erindi frá fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar 15. desember 2009.

Óskað er eftir því að sveitarstjórn geri ráð fyrir fjárframlagi 2010 til að hægt sé að hefja nauðsynlega viðgerð á lögréttinni. Erindinu fylgir kostnaðaráætlun vegna girðingar í Holtsdal sem til stendur að reisa. Sveitarstjórn mun skoða þetta mál nánar þegar upplýsingar berast um framkvæmda- áform og kostnað.

#### II. Fundargerðir til samþykktar.

1. Fundur fjallskilanevndar Landbrots- og Miðafréttar 25.06.2009.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundur atvinnumálanefndar Skaftár- hrepps 15. desember 2009.

Fundargerð samþykkt.

3. Fundur æskulýðs- og íþróttanefndar Skaftárhrepps 16. desember 2009.

Fundargerð samþykkt.

#### III. Fundargerðir til kynningar.

1. 430. fundur stjórnar SASS 11. desember 2009.

2. 33. fundur Félagsþjónusta Rangár- valla- og Vestur-Skaftafellssýslu b.s. 14. desember 2009, ásamt fjárhagsáætlun fyrir 2010.

3. 770. fundur stjórnar Sambands ís- lenskra sveitarfélaga 11. desember 2009

#### IV. Annað kynningarefni.

1. Afrit af erindi frá þjónustuhópi aldraðra til félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 8. desember 2009.

2. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skólaskýrsla 2009.

#### V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 20:30.

Sveitarstjórn óskar íbúum Skaftárhrepps gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakar góð samskipti á árinu sem er að líða.

Næsti fundur sveitarstjórnar er ráðgerður mánudaginn 18. janúar 2010 kl. 14:00.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson, Sverrir Gíslason.

## Sand- og sjóvörnin í Víkurfjöru

Haustið 2009

Hana ættu allir að skoða og fylgjast með

Það er alveg með ólíkindum hvað mikið fjármagn safnaðist í þetta brýna verkefni og það á stuttum tíma. Framlag okkar íbúanna varð kr. 825.000 Þessum fyrsta áfanga verksins er lokið, grjótmagnið er mun meira en áætlað var og er það til bóta. Samtals magn er: Grjótvörn 768m<sup>3</sup>, síulag 132m<sup>3</sup>.

Kostnaður er kr. 1.792 000 með 20% afslætti sem Framrás veitti til verksins. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lagði fram kr. 1 milljón. Þakka ber greiðasemi og velvild varðandi verkefnið t.d. í fríum auglýsingum og auknu grjótmagni í vörnina.

Fyrir hönd Betri byggðar

Birgir Hinriksson  
Sigurður Ævar Harðarson  
Karl Ragnarsson

Finnst mér oft er þrautir þjá,  
þulið mjúkt í eyra:  
-Þetta er eins og ekkert hjá  
öðru stærra og meira.

Höf: Indriði Þórkelsson frá Fjalli

## Nú er komið að því.



Við förum að spila félagsvist aftur og ætlum við að spila fimmtudagskvöldin 14. jan, 28. jan, 11. feb. og 25. feb. á Halldórskafti og byrja spilakvöldin kl 20:00

Eins og áður þá spilum við 4 kvöld og eru stór verðlaun fyrir 3 stigahæstu kvöldin.

Og að sjálfsögðu fer allur ágóði til Björgunarsveitarinnar Víkverja í tækjakaup. Hlökkum til að sjá ykkur.

Spilanevnd Kvenfélags Hvamshrepps.

## Prjónakaffið

byrjar aftur eftir jólafrí. Verðum við á Halldórskafti fimmtudagskvöldin 21. jan, 4 feb, 18. feb, 4. mars, 18. mars, 8. apríl og 29. apríl og munum við byrja kl 20:00.

Eins og áður eru allir velkomnir hvort sem þeir eru með prjóna, handavinnu eða bara ekkert.

Hlökkum til að sjá ykkur.  
Prjónanevnd Kvenfélags Hvamshrepps

